

## **Fundur svæðisráðs þriðjudaginn 10. nóv. 2015, haldinn í síma, kl. 17.25**

*Mætt: Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Heiða Guðmundsdóttir, Hákon Gunnarsson, Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Snorri Baldursson (kom á fundinn 17.40) og Orri Páll Jóhannsson sem ritar fundargerð.*

Samkvæmt fundarboði voru fimm atriði til umræðu á fundinum auk annarra mála.

### **1. Aukin landvarsla og upplýsingagjöf á suðurlálandinu með Hrauneyjar sem miðju**

Til grundvallar liggur minnisblað unnið af þjóðgarðsverði. Minnisblaðið hefur verið sent svæðisráðsfulltrúum, framkvæmdastjóra og formanni stjórnar þjóðgarðsins. Snorri segir að á upphafsárum Vatnajökulspjóðgarðs (VJP) hafi áherslan verið á uppbyggingu innan Skaftárhrepps en nú sé þörf á að leggja áherslu á sunnanverðan Sprengisand með Hrauneyjar sem miðju. Ásta Berghildur tekur undir það og lýsir ánægju sinni með framkvæmdina, telur minnisblaðið gagnlegt og vill gjarnan sjá samstarf Umhverfisstofnunar (UST) og VJP um gestastofu í Hrauneyjum verða að veruleika. Heiða Guðný hyggst kynna minnisblaðið og frekari áform á næsta fundi stjórnar VJP.

Svæðisráð vestursvæðis bókar eftirfarandi:

*Svæðisráð vestursvæðis tekur undir nauðsyn þess að auka landvörslu og upplýsingagjöf á sunnanverðum Sprengisandi með Hrauneyjar sem miðju. Svæðisráð fagnar öllu samstarfi VJP við Umhverfisstofnun, hóteldara í Hrauneyjum og fleiri um aukna landvörslu og upplýsingagjöf á þessu svæði.*

### **2. Nýtt frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð**

Fjallað var um fyrirbyggjandi frumvarpsdrög í stjórn þjóðgarðsins sl. haust og þau lögð fram að nýju á fundi nýrrar stjórnar VJP á síðasta fundi (9. nóv. sl.). Óskað var eftir tillögum og athugasemdum fyrir næsta fund stjórnar, þann 2. desember nk. Almennur uggur er í fólki yfir dvínandi áhrifum svæðisráða og þar með heimamanna í stjórn þjóðgarðsins nái þessi frumvarpsdrög óbreytt fram að ganga. Heiða Guðný segir stjórn almennt á því að fyrirkomulagið eins og það hefur verið hafi reynst vel og tengingar inn í sveitarstjórnir mikilvægar. Snorri tekur í sama streng og segir þetta stjórnfyrirkomulag hafa hjálpað hugmyndinni

um þjóðgarð. Svæðisráð hyggst taka saman og senda frá sér athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarpsdrög fyrir þann fund.

### **3. Aukinn opnunartími Skaftárstofu; samstarf um láglandislandvörð í Skaftárhreppi**

Orri Páll greinir frá áformum um lengingu opnunartíma Skaftárstofu – upplýsingamiðstöðvar á árinu 2016 frá því sem var á þessu ári (1. apríl til 15. október). Brýn þörf er á lengri opnunartíma og ríkur vilji heima fyrir að þjónusta ört vaxandi gestafjölda svæðisins, ekki síst öryggisins vegna á veturna. Þá lýsti Orri Páll hugmyndum forráðamanna Skaftárhrepps um landvörslu á láglandi Skaftárhrepps næsta sumar og mögulega aðkomu VJP að henni. Óskað hefur verið eftir því að UST, sem fer með faglega umsýslu þriggja friðlýstra svæða í hreppnum, komi að málinu með fjárframlagi. VJP myndi leggja verkefninu lið með þeim hætti að VJP héldi utan um verkefnið og um leið yrði það hluti af starfi þeirra sem vinna í Skaftárstofu að sinna þeim verkefnum sem til falla.

Svæðisráð lýsir ánægju sinni með ofangreind áform.

### **4. Drög að rekstrar- og framkvæmdaáætlunum fyrir 2016**

Drög liggja ekki fyrir. Stefnt verður að því að halda svæðisráðsfund í lok nóvember eða byrjun desember vegna þessa.

### **5. Umsóknir til Vina Vatnajökuls og Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða 2016**

Snorri greinir frá því að VJP hafi sent inn umsókn um styrki Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Um er að ræða annars vegar hönnun og byggingu kláfferju yfir Skaftá við Sveinstind og hins vegar þarfagreiningu (kláfur eða brú) á staðarvali og lagningu gönguleiðar frá kláfi/brú gegnt Skælingum að Hrossatungum, austan ár.

Þá sendi sveitarstjóri Skaftárhrepps einnig inn umsókn í sama sjóð er varðar bætt aðgengi fatlaðra að félagsheimilinu Kirkjuhvoli sem einni hýsir Skaftárstofu – upplýsingamiðstöð.

Orri Páll greindi frá umsókn VJP til Vina Vatnajökuls um hönnun á hugmyndafræði Litla landvarðarins en honum er ætlað að ná til ungra gesta þjóðgarðsins. Er þessi umsókn unnin í samhengi við vinnu við krakkastíg við Skaftárstofu sem lokið verður við fyrir næsta sumar. Snorri sendir svæðisráði drög hönnuða HAF-stúdíós að þeirri vinnu.

## 6. Önnur mál

Snorri reifar stuttlega stöðu mála vegna fyrirhugaðrar byggingar gestastofu á Kirkjubæjarklaustri. Boðað hefur verið til íbúafundar vegna þessa máls miðvikudaginn 11. nóvember. Umhverfis- og auðlindaráðherra hyggst beita sér fyrir því að á næstu þremur árum fari um 150 milljónir , 450 milljónir í það heila, í hönnun og byggingu gestastofu VJP á Kirkjubæjarklaustri. Samkvæmt upplýsingum frá ráðherra er hugmyndafræði þekkingarseturs inni í hönnunarfasa þó fjármögnun á byggingu þess liggja ekki fyrir sem stendur. Það verkefni bíði nú sveitarstjórnar og annarra hagsmunaaðila.

Ólafía fagnar því að bygging gestastofu hafi fengið byr undir báða vængi og væntir þess að hagsmunaaðilar þekkingarseturs hittist í framhaldi af kynningarfundum og ákveði næstu skref. Hún minnir á að hugmynd um byggingu þekkingarseturs samhliða gestastofu VJP sé hugarsmíði heimafólks og fulltrúa VJP á svæðinu.

Erla segist ánægð með byggingaráform um gestastofu enda bráð vöntun á einni slíkri.

Svæðisráð fagnar þessum áformum umhverfis- og auðlindaráðherra.

Snorri greinir frá því að hann fari í sumarleyfi í kjölfar ráðstefnuferðar og í ársleyfi í framhaldi af því. Þetta er því hans síðasti svæðisráðsfundur í bili. Hann þakkar svæðisráði ánægjulegt samstarf. Svæðisráð þakkar honum sömuleiðis fyrir sérlega ánægjulegt samtarf fram til þessa.

Fundi slitið kl. 18.10